

Miðvikudaginn 19. apríl 1950.

Nr. 34/1949. **Ákærvaldið** (Hermann Jónsson)
 gegn
Benjamín Ólafssyni (Gunnar J. Möller).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
 í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Um lögmæti laxveiðilagnar á leirusvæði ár.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðar-sýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Eftir úrskurði Hæstaréttar 21. maí 1949 hefur mat gengið um það samkvæmt 84. gr. laga nr. 112/1941, hvort lögn ákærða, er í málinu greinir, teljist vera í kvísl, sbr. 1. og 34. gr. nefndra laga.

Í lögum nr. 61/1932 um lax- og silungsveiði var orðið kvísl í 33. gr. laganna eigi skýrgreint sérstaklega. En í frumvarpi til laga um breytingar á nefndum lögum, sem borið var fram á Alþingi 1936, var tekin upp skýrgreining á orði þessu. Neðri deild Alþingis fékk frumvarpið fyrst til meðferðar. Var frumvarpið afgreitt þaðan til efri deildar með svohljóðandi skýrgreiningu á kvísl: „Þar sem á fellur ekki í einu lagi, heldur skiptist um kletta, hólma eða sandeyrar, sem eru upp úr, þegar vatnsborð er lægst.“ Efri deild samþykkti ákvæði þetta með þeirri breytingu, að í stað orðanna „þegar vatnsborð er lægst“ skyldi koma „að staðaldri“. Þegar frumvarpið var lagt fyrir neðri deild af nýju, hafði láðst að fella úr því orðin „þegar vatnsborð er lægst“, er orðin „að staðaldri“ voru felld inn í það. Er málið kom til afgreiðslu í deildinni, var lýsing frumvarpsins á kvísl því orðuð svo: „Þar sem á fellur ekki í einu lagi, heldur skiptist um kletta, hólma eða sandeyrar, sem eru upp úr, þegar vatnsborð er lægst að staðaldri“. Þannig var frumvarpið samþykkt í neðri deild og síðan staðfest og birt sem lög nr. 79/1936.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, hafa yfirmatsmenn rétti-lega litið svo á, að framangreind skýrgreining á kvísl, sem

síðar var tekin upp í lög nr. 112/1941, hafi ekki orðið til á stjórnskipulegan hátt. Þar sem ákvæðið af þessum sökum hefur eigi lagagildi, hafa yfirmatsmenn skýrgreint orðið kvísl með hliðsjón af þeim sjónarmiðum, sem liggja til grundvallar 34. gr. laga nr. 112/1941 og öðrum gildandi ákvæðum sömu laga, svo og með hliðsjón af eðli málsins. Er niðurstaða þeirra sú, að rennsli þau á leirusvæði Hvítár, þar sem ákærði hafði lagnir þær, sem í málinu greinir, séu álar, en ekki kvíslar í merkingu laxveiðilaganna. Ákvæði 34. gr. laganna koma því ekki til greina um úrlausn máls þessa.

Lögn ákærða, sem saksóknin tekur til, var í ál á leirusvæði Hvítár, fjarri bökkum hennar. Lengd lagnarinnar sjálfrar var um 20 metrar, en fjarlægðin frá norðurbakka Hvítár að norðlægari enda lagnarinnar var talin 820 metrar. Af hálfu ákæruvalds er því haldið fram, að samkvæmt ákvæðum 31. gr. laga nr. 112/1941 skuli lengd veiðivélar í á teljast frá árbakka út til fjarlægari enda veiðivélar, hvort sem hún er landföst eða ekki. Samkvæmt þessu reiknist lögn ákærða 840 metra löng, og þar sem hún var innan fimmfaldrar þeirrar lengdar frá veiðivélum ofar og neðar á veiðisvæðinu, hafi hún verið ölogleg. En eigi þykir heimilt, eins og hér stendur á, að skýra 31. gr. laxveiðilaganna svo, að telja skuli fjarlægð veiðivélar frá árbakka til lengdar hennar. Heldur ber að miða einungis við lengd veiðivélarinnar sjálfrar, og var hún þá ekki of nálægt öðrum veiðivélum. Ber því að sýkna ákærða.

Samkvæmt framangreindu verður héraðsdómurinn staðfestur að niðurstöðu til og allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar dæmdur á hendur ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1400.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónssonar og Gunnars J. Möllers, kr. 1400.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 25. október 1948.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Benjamin Ólafssyni, bónda í Holti í Borgarhreppi, fæddum 28. október 1901, fyrir meint brot gegn laxveiðilögunum nr. 112 frá 19. okt. 1941.

Tildrög málsins eru þau, að með kæru 12. júní 1948 kærði eftirlitsmaður með laxveiði á veiðisvæði Hvítár í Borgarfirði, Gestur Kristjánsson í Borgarnesi, yfir því, að kærði hefði brotið 31. gr. laxveiðilaganna með því að leggja laxveiðilögn fyrir landi sínu á leirusvæði Hvítár, er mælt hefði 840 metrar á lengd, er hún var mæld frá bakka árinna, og væri því nær öðrum lögnum á leirusvæðinu en heimilað er í fyrrgreindri lagagrein.

Veiðieftirlitsmaðurinn skýrði frá því, að hann hefði, frá því að hann hóf veiðieftirlit sitt árið 1937, mælt laxveiðilagnir í Hvítá og gætt þess, að þær næðu eigi lengra út í á eða væru nær hver annarri en lög heimiluðu. En þá hafi hann haft það fyrir reglu að mæla aðeins lengd lagnarinnar sjálftrar, en eigi með fjarlægð þeirra frá árbakka. Hann kveðst síðar hafa orðið þess var, að sumir töldu, að mæla ætti lagnir allar frá bakka árinna, og þá skrifað Pálma Hannessyni, formanni veiðimálanefndar, og spurt hann um álit hans á því, hvernig mæla bæri lagnir á leirusvæði Hvítár. Svaraði Pálmi honum með bréfi, dags. 8. maí 1939, og lýsti því sem sinni skoðun, að mæla bæri lagnir frá árbakka að ytri enda lagnar. En eigi breytti hann um aðferð við mælingu þrátt fyrir þetta svar Pálma.

En á s.l. vori fékk hann fyrirmæli frá veiðimálastjóra um að mæla lengd allra lagna frá árbakka og kæra yfir þeim lögnum, er ólöglegar reyndust með þeirri mælingaraðferð. Taldi hann sig ekki geta mælt lagnir á leirusvæði Hvítár með neinni nákvæmni á þenna hátt með mælisnúru sinni og fór því þess á leit við veiðimálastjóra, að sendur yrði mælingamaður til að mæla lengd lagnanna með þríhyrningamælingum. Kom Björn Bjarnason, mælingamaður frá Búnaðarfélagi Íslands, og mældi nokkrar lagnir á leirusvæðinu. Barst honum svo skýrsla Björns dags. 4. júní þ. á., þar sem hann tilgreinir lengd nokkurra lagna frá Einarsnesi, Bóndhól og Holti, og reyndist þá ein lögn Benjamíns Ólafssonar í Holti 840 metrar á lengd, mæld með þessum hætti. Sendi hann þá samkvæmt fyrirmælum skrifstofustjórans í atvinnumálaráðuneytinu sýslumanni kæru á hendur Benjamin Ólafssyni, svo að úr því fengist skorið, hvernig mæla bæri lagnir á leirusvæðinu.

Kærði hefur krafist þess, að hann verði sýknaður af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Kveðst hann líta svo á, að enda þótt ákvæði 31. gr. laxveiðilaganna um að mæla skuli lengd lagnar frá árbakka sé eðlilegt, þegar um er að ræða fastar lagnir í á, er liggja út frá árbakka, komi ekki til mála, að því verði beitt um lagnir á leirusvæði, er liggi órafjarri árbakkanum.

Þá bendir hann á, að í 33. gr. laxveiðilaganna frá 1932 hafi verið svo ákveðið, að þar, sem á rennur í kvíslum, skyldi haga svo veiði í kvísl hverri, sem hún væri sjálfstæð á, en árið 1937 hafi lögunum verið breytt þannig, að á eftir orðinu „á“ hafi verið bætt orðunum „eða ós“ í grein

þessa, og sé hún þannig breytt 34. gr. í laxveiðilögunum frá 1941. Telur hann, að breyting þessi hafi einmitt verið gerð með tilliti til leirusvæðis Hvítár, því ljóst hafi verið orðið, að ákvæði 31. gr. um mælingu lagnar frá árbakka gæti eigi staðizt þar.

Jafnframt bendir hann á, að samkvæmt matsgerð þeirra Pálma Hannessonar og Ólafs Sigurðssonar frá 18. apríl 1939 sé ós Hvítár ákveðinn frá Hvítárósi og út að línu, sem liggur fremst úr Kistuhöfða og efst í Einarsnes. En af því telur hann leiða, að haga beri veiði í hverri kvísl árinna á þessu svæði, svo sem hún væri sjálfstæð á, og þar af leiðandi beri að mæla lengd hvernar lagnar frá bakka þeirrar árkvíslar, er hún liggur í.

Rétturinn verður að líta svo á, að ákvæði 31. gr. laxveiðilaganna um, að mæla skuli lengd hvernar lagnar frá árbakka, sé fyrst og fremst sett með það fyrir augum, að lögn liggji út í á svo að segja beint út frá árbakka. Hagar þá oft svo til, að grynningar eru næst árbakkanum, og gæti þá verið tilhneiging hjá veiðimanni að skilja eftir ógirt svæði næst árbakka til þess að geta teygð girðinguna sem lengst út í ána, en því varnar ákvæðið. En þegar hins vegar er um að ræða lagnir á leirusvæði, er standa órafjarri árbakkanum, kemur þetta sjónarmið ekki til greina, og verður þá eigi séð nein ástæða til að tengja saman lengd girðingarinnar og fjarlægð hennar frá árbakkanum og telja það lagnarlengdina. Verður það og ærið fjarstæðukennt að telja 20 metra langa lögn 840 metra, aðeins af því, að fjarlægð hennar frá árbakka, sem hún á engan hátt styðst við, er 820 metrar.

Þessa fjarstæðukenndu skýringu telur rétturinn enga þörf á að taka til greina í þessu máli, þegar athuguð eru ákvæði 34. gr. laxveiðilaganna.

Þar er svo ákveðið, að er á eða ós rennur í kvíslum, skuli haga svo veiði í hverri kvísl, sem væri hún sjálfstæð á.

Hinn 18. apríl 1939 ákváðu þeir Pálmi Hannesson og Ólafur Sigurðsson, er dómkvaddir höfðu verið af sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu til þess starfs, ós Hvítár. Var úrskurður þeirra á þá leið, að ósinn skuli telja leirusvæðið allt frá eyðibýlinu Hvítárósi út að línu, sem liggur fremst úr Kistuhöfða og efst í Einarsnes.

Verður eigi um það deilt, að veiðisvæði kærða er á því svæði, er úrskurðurinn greinir, að sé ós Hvítár.

Er athugaður er uppdrátturinn á réttarskjali 6, kemur í ljós, að er Hvítá kemur úr sundinu hjá Ölvaldsstaðaklakk og fellur niður um leirusvæðið, rennur hún um það í mörgum kvíslum. Eru höfuðkvíslarnar þrjár: Kvísl með norðurbakka árinna, miðkvísl og syðstakvísl, er fellur með bakka svonefndrar Stóru-Eyrrar. Er lögn kærða sú, er mæld var, í þeirri kvísl. Auk þessara kvísla eru margar smærri kvíslar í ánni á leirusvæðinu, er kljúfa sundur sandeyrarnar milli aðalkvíslanna. Um fjöru eru aðalkvíslarnar þrjár og margar hinna smærri kvísla greinilega afmarkaðar af sandeyrunum, en um flóð fellur sjór yfir allt leirusvæðið, svo kvíslarnar verða eigi aðgreindar.

Verður rétturinn að líta svo á, að hér sé um árkvíslar að ræða samkvæmt skilgreiningu laxveiðilaganna, en af því leiðir, að lengd lagnar

þeirrar, sem kært er yfir, verður að miðast við lengd hennar frá bakka Stóru-Eyrarinnar, er hún liggur frá, og verður hún þá eigi talin ólögleg, hvorki með tilliti til fjarlægðar hennar frá næstu lögnum né breiddar árkvísar þeirrar, er hún var lögð í.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna kærða af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allan sakarkostnað ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns kærða, kr. 600.00.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Benjamín Ólafsson, bóndi í Holti, skal vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur málskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda kærða, Gunnars Möllers hæstaréttarlögmanns, 600 — sex hundruð — krónur.

Mánudaginn 24. apríl 1950.

Nr. 86/1949. **Hrefna Loftsdóttir** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Bjarna Guðmundssyni (Enginn).

Öflun framhaldsskýrslna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Stefndi, sem hefur löglega verið birt stefna í málinu, útgef-in 16. maí 1949, hefur hvorki sótt né látið sækja þing í þessu máli. Er málið því flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita áfrýjanda kost á því að afla skýrslna um atriði þau, er nú verða greind.

Áfrýjandi skal eiga þess kost að koma af nýju fyrir fógeta-dóminn og gera þar að viðlagðri refsíábyrgð samkvæmt 142. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 nákvæma og ýtarlega skýrslu um atriði máls þessa. Einkum skal hún skýra frá fjárviðskiptum sínum við Gestfríði Ólafsdóttur, er í málinu greinir, hversu mikilli fjárhæð hafi numið vinnulaun þau, er